6. gr. 54
8. maí

Sveitarstjórn Skaftártunguhrepps ábyrgist starfrækslu einkasímanna, eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu vel við haldið.

7. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum allt að kr. 200.00, er renna í sveitarsjóð Skaftártunguhrepps.

Sérákvæði fyrir Skaftárdalsbæi:

Ábúendur Skaftárdals ganga í einkasímafélag Skaftártunguhrepps, með því skilyrði frá hálfu símafélagsins, að hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps ábyrgist endurgreiðslu til félagsins á öllum kostnaði, er leiðir af lagningu símalínu frá Búlandi að Skaftárdal og ekki greiðist af landssímanum, og viðhaldi þeirrar línu ásamt talfærum.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. maí 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT 55
8. maí

um

einkasíma í Hörgslandshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Símar þeir, er þessi samþykkt nær til, eru: Símar frá Breiðabólsstað um Keldunúp, Múlakot, Hörgsland, Hörgslandskot, Foss III—I, Teygingalæk, Kálfafell og að Rauðabergi, á landssímalínuna (staurana), með inntökum á téðum bæjum. Auk þess hliðarálmur: a) Frá Breiðabólsstað að Prestsbakka; b) frá Múlakoti að Hörgsdal; c) frá aðallínunni skemmstu leið að Núpum, m. m.

2. gr.

Símar þeir, sem taldir eru í 1. gr., skulu lagðir svo fljótt, sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símans skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Afgreiðslu á síma sínum, svo og daglegt viðhald og bráðabirgðaaðgerðir

55 annast hver búandi á einkasímasvæðinu, er síma hefir, innan takmarka ábúðar-
8. maí jarðar sinnar.

4. gr.

Búendur á jörðum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. og símalínurnar ná til, ganga í símafélag, er nefnist Einkasímafélag Hörgslandshrepps, og greiðir það kostnað þann, sem lagning símanna og viðhald þeirra hefir í för með sér, að því leyti, sem stofnkostnaðurinn fæst eigi greiddur annarsstaðar frá, og því daglegu viðhaldi, er um getur í 3. gr.

Kostnaði þessum skal jafnað niður á ábúendur jarðanna, eftir því hlutfalli, er hér segir:

1. Verði fasteigna.
2. Efnum og ástæðum.
3. Tölu verkfærra karlmanna.

5. gr.

Félagið skal eiga með sér aðalfund árlega síðla vetrar. Á fundi er gengið hefir verið frá samþykkt þessari til fullnustu, skal kosin þriggja manna stjórn fyrir félagið. Stjórnin er kosin til þriggja ára og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti, og kýs aðalfundur mann í stað þess, er úr gengur.

Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan, svo og önnur mál, er félagið varða.

Afrit af ársreikningum skal sent landssímastjóra.

6. gr.

Sveitarstjórn Hörgslandshrepps ábyrgist starfrækslu einkasímanna eftir því, sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu vel við haldið.

7. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum, allt að 200 kr., er renni í sveitarsjóð Hörgslandshrepps.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. maí 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.